



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa leikskólastjóra varðandi fjölda leikskólakennara

Á 221. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. desember 2021, lagði áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. Óskað er eftir að fá upplýsingar um heildarfjölda leikskólakennara og starfshlutfall þeirra í Reykjavík, nóvember 2021.
2. Hversu margir af þeim eru deildarstjórar og starfshlutfall þeirra?
3. Hvað eru margir leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar af heildinni sundurgreint?
4. Hver er meðalaldur leikskólakennara, leikskólastjóra og svo samanlagt?
5. Hvað eru starfræktar margar leikskóladeildir í Reykjavík og hvað eru margir deildarstjórar með leikskólakennaramenntun?

Svar:

Í nóvember 2021 voru starfandi 550 leikskólakennarar með leyfisbréf í 441,8 stöðugildi. Af þeim voru 174 deildarstjórar í 156,9 stöðugildi, 71 leikskólastjórar í 62,8 stöðugildum og 69 aðstoðarleikskólastjórar í 59,3 stöðugildum. Leikskóladeildir voru 291 í nóvember 2021.

Meðalaldur leikskólakennara er 50 ár og meðalaldur leikskólastjóra er 54 ár. Þar af leiðandi er meðalaldur þeirra samanlagt 52 ár.